



Fundargerð

396. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 laugardaginn 14. maí 2016. Þetta er 5. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 8 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Viðbót við dagskrá:

IV. Annað kynningarefni

4. Afrit af erindi Jóhannesar Gissurarsonar og Sverris Gíslasonar til Innanríkisráðuneytisins varðandi oddvita og varaoddvitakjör.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Stofnanir sveitarfélagsins hafa verið að vinna með drög að mannauðsstefnu sveitarfélagsins og haldinn verður sameiginlegur fundur með starfsmönnum allra stofnanna fljótlega þar sem unnið verður með gildi fyrir mannauðsstefnuna. Drög að menntastefnu voru einnig lögð fyrir rýnihóp í síðasta mánuði. Sveitarstjóri fór í vettvangsferð með fulltrúum frá Orkustofnun í lok apríl inn að Árkvísium/Brest til að kanna aðstæður við rörin eftir Skaftárhlaupið síðasta haust. Rörin hafa ekki orðið fyrir skemmdum en lítið vatn rennur að þeim þar sem aðrennslið er fullt af leir. Sveitarstjóri átti fund með forstjóra HSU ásamt hjúkrunarforstjóra og hjúkrunarfræðingi Klausturhóla nýverið. Áhugi er hjá HSU að ræða möguleika að auknu samstarfi með tilliti til samlegðaráhrifa. Sveitarstjóri og oddviti hittu hagsmunaaðila vegna þekkingarseturs á Selfossi þar sem farið var yfir vinnu við val á staðsetningu á gestastofu Vatnajökulshjódarðs ásamt fleiru. Oddviti sótti fund ásamt forsvarsmönnum og Mýrdalshrepps með skólameistara FSU og fulltrúum úr skólanefnd vegna heimavistarúrræða fyrir nemendur FSU og er hjálagað bréf til kynningar fyrir fundinn þar sem óskað hefur verið eftir sameiginlegum fundi sveitarfélaganna með Mennta- og menningarmálaráðherra.

Dagskrá

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1603031 Ársreikningur Skaftárhrepps 2015 – síðari umræða

Ársreikningur var til fyrri umræðu 14. apríl s.l., undirritaður af sveitarstjóra.

Í A-hluti rekstrarreiknings voru heildartekjur 403 millj.kr sem skiptast í skatttekjur 247 millj.kr, framlög jöfnunarsjóðs 103 millj.kr og aðrar tekjur 52 millj.kr. Rekstrargjöld voru 374 millj.kr og afskriftir 17 millj.kr. Fjármagnsgjöld voru 7,7 millj.kr og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 4 millj.kr. Heildartekjur samstæðu voru 416 millj.kr og rekstrargjöld 379 millj.kr, afskriftir 19 millj. rekstrarniðurstaða samstæðu var jákvæð um 7,2 millj.kr.

Eignir samstæðu voru samtals 573 millj.kr þar af handbært fé 91,9 millj.kr. Eigið fé samstæðu nam 360 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 251,3 millj.kr. Veltufé frá rekstri



samtæðu var 32,2 millj.kr og afborganir langtímalána 17,2 millj.kr. Engin ný lán voru tekin á tímabilinu.

Ó-listi óskar bókunar:

Við staðfestum ársreikninginn fyrir okkar leiti en viljum benda á að þrátt fyrir að tekjur ársins 2015 séu 43,8 milljónum hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir þá er aðalsjóður rekinn með 12,9 milljón króna halla og einungis 7,2 milljón króna afgangur af samanlögðum rekstri A og B hluta, en niðurstaða ársins 2014 var 46,3 milljón kr. rekstrarafgangur A og B hluta. Meirihluti sveitarstjórnar hefur því ekki náð að standast fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og aukið rekstrarkostnað sveitarfélagsins um tugi milljóna króna umfram samþykktar heimildir. Þar er helst að nefna að málaflökkur fræðslumála fer 16,5 milljón kr. fram úr áætlun (11.05%), æskulýðs og íþróttamál 10,6 milljón kr. fram úr áætlun (17,21%) og sameiginlegur kostnaður, sem inniheldur m.a. kostnað vegna sveitarstjórnar og skrifstofu sveitarfélagsins er 19,6 milljón kr. yfir fjárhagsáætlun (54.49%). Þá nema fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A hluta 7,7 milljónum kr. en námu 4,8 milljón kr. árið áður skv. bls. 9 í Endurskoðunarskýrslu KPMG.

Þau varnaðarorð um aðhald og ábyrgð í rekstri sveitarfélagsins sem við höfum haldið á lofti allt frá því að núverandi meirihluti sprengdi samstarf sveitarstjórnar í febrúar 2015 og þær þungu áherslur sem við lögðum á að halda fengnum stöðugleika í fjármálum sveitarfélagsins í upphafi kjörtímabilsins eiga því enn fullan rétt á sér. Það er býsna auðveldur leikur að glutra niður og gera að engu alla þá vinnu sem lögð var í að rétta við fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins á síðasta kjörtímabili. Það sýna niðurstöðutölur þessa ársreiknings vel.

D- og Z-listi óska bókunar:

D- og Z-listi vísar því á bug að um óráðsúu hafi verið að ræða hjá sveitarfélaginu á síðasta ári. Lækkun á rekstrarhagnaði skýrist að stærstum hluta af lögbundnum kjarasamningshækkunum launa, leiðréttingar á starfsmati ár aftur í tímann, ásamt uppgjöri við fráfarandi sveitarstjóra. Laun og launatengd gjöld hækka því um rúmlega 35 milljónir kr af þessum sökum milli ára. Einnig er lækkun á öðrum tekjum sem skýrist af sölu fasteigna á árinu 2014. Annar rekstrarkostnaður hækkar eingöngu um tæpar 6 milljónir kr. á milli ára. Einnig vilja D- og Z-listi benda á að þrátt fyrir lækkun á rekstrarhagnaði er handbært fé sveitarfélagsins að aukast um ríflega 30 millj.kr á milli ára.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2015 og staðfestir hann með undirritun sinni.

2. 1605014 Afsláttur af skólagjöldum tónlistarskóla vorönn 2016

Sveitarstjórn samþykkir að veittur verði 50% afsláttur af skólagjöldum tónlistarskóla á vorönn 2016.

3. 1605013 Rannsóknasetur að Strönd. Erindi dags.26.04.2016

Fyrir fundinum liggur erindi frá Þorvaldi Þórðarsyni, deildarforseta Jarðvísindadeildar HÍ og Ármanni Höskuldssyni vísindamanni hjá Jarðvísindastofnun Háskólans varðandi ráðstöfun á ríkisjörðinni Strönd í Meðallandi fyrir rannsóknarstöð Jarðvísindastofnunar, deildar og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ. Sveitarstjórn sýnir verkefninu áhuga og óskar eftir nánari kynningu á fyrirhuguðu verkefni með tilliti til uppbyggingar og annarrar starfsemi í sveitarfélaginu.



Eva Björk Harðardóttir leggur til að sveitarstjóri taki við stjórn fundarins. Fundurinn samþykkir tillögu oddvita. Eva Björk Harðardóttir vikur af fundi og Rannveig Bjarnadóttir 2. varamaður D-lista kemur inná fund.

4. 1604048 Ítrekun Orkustofnunar um stöðvun vatnaveitinga. dags. 27.04.2016

Í bréfi Orkustofnunar er Skaftárhreppi veittur frestur til 1. júní n.k. til að stöðva vatnaveitingar út á Eldhraun við Árkvísar. Í ljósi málaferla sér Skaftárhreppur sér ekki fært að aðhafast í málinu. Sveitarstjóra ásamt lögfræðingi sveitarfélagsins falið að svara erindi Orkustofnunar innan tilskilins frests.

Rannveig Bjarnadóttir vikur af fundi og Eva Björk Harðardóttir kemur aftur inná fund og tekur við stjórn fundarins.

5. 1604044 Skráning fjárhagslegra hagsmuna. Erindi frá KPMG

Sveitarstjórn mun ekki fara í verkefnið að svo stöddu.

6. 1605012 Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 1. júní n.k. Tilnefning fulltrúa.

Oddviti Skaftárhrepps mun mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. 1604012 Örbylgjunet í Skaftárhreppi

Fyrir liggur að um 40 aðilar hafa lýst áhuga á því að fá örbylgjunet. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fá ítarlega kostnaðaráætlun ásamt bindandi tilboði m.v. fyrirbyggjandi upplýsingar frá Loka telecom ehf. og leita eftir lánamöguleikum hjá Lánasjóði sveitarfélaga ef með þarf þegar kostnaður vegna verkefnisins liggur fyrir.

8. 1605015 Sameining sveitarfélaga

Fyrir fundinum liggur erindi frá sveitarfélaginu Hornafirði um að Skaftárhreppur taki afstöðu til hvort gera skuli hagkvæmniúttekt á sameiningu sveitarfélaganna Hornafjarðar, Skaftárhrepps og Djúpavogshrepps. Sótt yrði um til jöfnunarsjóðs til að standa straum af kostnaðinum vegna úttektarinnar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið og telur áhugavert að skoða kosti þessara sameiningar en útilokar ekki að farið verði í hagkvæmniúttekt á öðrum sameiningarkostum.

Sveitarstjórn tilnefnir Evu Björk Harðardóttur oddvita, Sverrir Gíslason og Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra í samstarfsnefnd sem annast mun athugun málsins ef til þess kemur.

9. 1604027 Tillaga að gjaldskrá félagsheimila í Skaftárhreppi

Sveitarstjóri leggur fram tillögu að gjaldskrá félagsheimilanna Tungusels og Kirkjuhvols. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

10. 1605011 Tillaga að umsögn um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að umsögn. Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum sveitarstjórnar Skaftárhrepps á framfæri til nefndarsviðs alþingis fyrir tilskilin frest.



11. 1604021 Fjárhagsstaða Skaftárhrepps fyrstu 3 mánuði ársins

Sveitarstjóri leggur fram fjárhagsstöðu Skaftárhrepps fyrstu 3 mánuði ársins. Reksturinn er á áætlun.

12. 1605017 Endurnýjun rekstrarleyfis ferðaþjónustan Hunkubökkum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

Fundargerðir til samþykktar

1. 1605008 144. fundargerð fræðslunefndar dags. 03.05.2016

Heilsuleikskólinn Kæríbær

4. Bréf frá leikskólastjóra

Fræðslunefnd styður tillögu leikskólastjóra um að auka starfshlutfall starfsmanns úr 70% í 100% stöðu. Með þeim hætti mun draga úr álagi leikskólastjóra við afleysingar og þar með ætti að skapast svigrúm til stjórnunarstarfa og fagvinnu. Málinu annars vísað til sveitarstjórnar þar sem að um breytingar er að ræða frá samþykkttri fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að gera tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 fyrir áætludum viðbótarkostnaði.

6. Önnur mál

Menntastefnuhópur:

Formaður greinir frá breytingum fulltrúa.

Eyrún Elvarsdóttir er flutt af svæðinu og í hennar stað kemur Davíð Andri Agnarsson. Eyrúnu þökkuð góð störf og Davíð Andri boðinn velkominn.

Þórunn Júlíusdóttir hefur hætt störfum sem leikskólastjóri, Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri hefur tekið sæti í hópnum.

Fræðslunefnd leggur til að Jóhannes Elmar Jóhannesson Lange taki sæti í nefndinni. Þórunni þökkuð góð störf og Jóhannes boðin velkomin.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Kirkjubæjarskóli á Síðu

1. Skóladagatal 2016-2017

Skólastjóri leggur fram til kynningar og umræðu skóladagatal. Skóladagatal 175 dagar án vetrarfrís borið upp til samþykktar. Samþykkt einhljóða.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Heimavist FSU

Kjartan Kjartansson skólastjóri greinir frá breytingum nemendagarða við FSU sem verða lagðir af.

Fræðslunefnd vill vekja athygli sveitarstjórnar á að nemendagarðar sem FSU hefur leigt undir heimavist nemenda skólans verða ekki aðgengilegir næsta skólaár og leigusamningur rennur út í maí. Sem stendur eru engin úrræði í sjónmáli og gera má ráð fyrir að þetta hafi neikvæð áhrif á möguleika nemenda úr Skaftárhreppi til þess að stunda nám við FSU.



Sveitarstjórn er kunnugt um málið. Farið hefur fram fundur með skólameistara FSU ásamt fulltrúum skólanefndar. Óskað hefur verið eftir sameiginlegum fundi með Mýrdalshreppi með Mennta- og menningarmálaráðherra til að óska eftir aðkomu ráðuneytisins að framtíðarlausn fyrir heimavistarúrræði FSU.

5. Önnur mál

Menntastefnuhópur:

Þórunn Edda Sveinsdóttir vikur þar sem að hún er ekki lengur foreldri nemanda í skólanum. Lára Dagný Sævarsdóttir tekur hennar sæti. Þórunni Eddu Sveinsdóttur eru þökkuð góð störf og Lára boðin velkomin til starfa.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerð í heild samþykkt.

2. 1605016 7. fundargerð atvinnumálanefndar dags. 09.05.2016. *Fundargerð samþykkt.*

3. 1604045 20. fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar. dags. 21.04.2016

1. Reglur sveitarfélagsins um tjöld og gistingu utan merktra gististaða

Umhverfis- og náttúrnefnd vekur athygli á því að samkvæmt 3. málsgrein 22. Greinar laga um náttúruvernd frá og með 14. Nóvember 2015 þá skal „utan þéttbýlis leita leyfis landeiganda eða annars rétthafa ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldstæða.“

Nefndin telur æskilegt að landeigendur í Skaftárhreppi séu upplýstir um þessi lög á heimasíðu Skaftárhrepps.

Jafnframt mælist umhverfis- og náttúrunefnd til þess að sveitarstjórn ræði þessi mál við Vegagerð Ríkisins sem rétthafa veghelgunarsvæðis.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að setja viðeigandi upplýsingar á vefsíðu sveitarfélagsins og senda formlegt erindi til Vegagerðar ríkisins varðandi afstöðu þeirra til gistingar á veghelgunarsvæði.

3. Tæmingu rotþróa – frh

Umhverfis- og náttúrunefndar nefnd telur að sveitarfélagið geti ekki sinnt þessum málum að svo komu máli. Hins vegur stingur nefndin upp á að þeir aðilar sem telja sig þurfa á þjónustu hreinsibíls að halda geti skráð sig hjá sveitarfélaginu. Væri þessi listi hugsaður fyrir þá sem hyggjast nýta sér þjónustu hreinsibíls og tekið þátt í sameiginlegum kostnaði þegar hreinsibíllinn er hér á ferð. Þó ber þess að geta að sveitarfélagið er með þessu ekki að greiða undir ferð bílsins, nema að það þurfi sjálft á þjónusta hans á að halda.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Tiltækt í sumar (gámar í sveitarfélaginu)

Umhverfis- og náttúrunefnd leggur til að í sumar verði ruslagámar staðsettir á tilteknum tímum og stöðum í sveitarfélaginu.

Tillaga að tíma og staðsetningum, 9 - 16. júní í Álftaveri, 16 – 23. júní í Skaftártungu, 23 – 30. júní í Meðallandi, 30 – 7. júlí í Fljótshverfi. 7 – 14. júlí á Austur-Síðu og 14 – 21. júlí í Landbroti.



Jafnframt mælist nefndin til þess að þeir sem telja sig hafa umtalsvert magn af úrgangi setji sig sérstaklega í samband við Íslenska Gámafélagið.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Moltugerð

Umhverfis- og náttúrunefnd óskar eftir því að formaður umhverfis- og náttúrunefndar og sveitarstjóri ræði málefni moltuframléiðslu í sveitarfélaginu við forsvarsmenn Íslenska Gámafélagsins. Ljóst er að hnökrar virðast vera á úrvinnslu brúnu tunnurnar hjá Íslenska Gámafélaginu og moltað eins og samningur geri ráð fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerð í heild samþykkt.

4. 1605001 116. Fundargerð skipulagsnefndar.10.05.2016

1. Gestastofa Vatnjökulspjóðgarðs - Staðsetning

Haldinn var íbúafundur þann 19.apríl síðastliðinn þar sem kynntar voru þrjár staðsetningar gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á grundvelli skýrslu FSR vegna málsins. Niðurstöður fundarins kynntar og ræddar.

Ljóst er að niðurstaða íbúafundar var sú að staðsetning gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs skuli vera við Sönghól með göngubrú yfir Skaftá. Nefndin leggur til að gerð verði greining á því hvort einhver kostnaður falli á sveitarfélagið vegna viðkomandi staðsetningar .

Lagt fram til atkvæðagreiðslu: Samþykkt með 3 atkvæðum. Guðmundur Vignir og Jóhannes sitja hjá.

Jóhannes leggur fram bókun:

Vegna óvissu um kostnað sveitarfélagsins við framkvæmdina legg ég til að allar framlagðar staðsetningar verði kostnaðargreindar m.t.t. alls þess kostnaðar sem kann að falla á sveitarfélagið við framkvæmdina.

EBH, JBJ, BG og SG staðfesta afgreiðslu nefndarinnar og fela sveitarstjóra að vinna málið áfram í samvinnu við framkvæmdasýslu ríkisins.

Jóhannes Gissurarson óskar bókunar;

Ég stend við bókun mín á fundi skipulagsnefndar þar sem ég lagði til að gerð verði úttekt á því hver kostnaður sveitarfélagsins yrði vegna fyrirhugaðrar gestastofu þjóðgarðsins áður en endalega yrði ákveðið með staðsetningu. Úttektin næði til allra þriggja staðsetninganna.

5. Vegagerðin – Framkvæmdaleyfi. Lagt fram til kynningar

Vegagerðin sótti um framkvæmdaleyfi til skipulags og byggingarfulltrúa nýverið þar sem farið var þess á leit að veitt yrði heimild til þess að laga varnargarða við Skaftá samkv. framlögðum gögnum. Óskað var eftir afgreiðslu sveitarstjórnar vegna málsins með tölvupósti. Málið var afgreitt þann 2.mái.

Ekki gerð athugasemd við afgreiðslu skipulagsfulltrúa og sveitarstjórnar.



Sveitarstjórn afgreiddi málið með rafrænum hætti þann 2. maí s.l.

6. Aðalskipulag Skaftárhrepps – Breyting á skilmálum.

Vegna afgreiðslu sveitarstjórnar nýverið þar sem útleiga íbúðarhúsnæðis til ferðamanna innan þéttbýlisins á Klaustri var hafnað leggur skipulags og byggingarfulltrúi fyrir nefndina að settir verið skýrir skilmálar í greinargerð aðalskipulags sveitarfélagsins er varðar útleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna.

Tillaga að skilmálum í aðalskipulag

Lagt er til með vísan í reglugerð nr. 585/2007 verði eftirfarandi takmarkanir gerðar er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu á Kirkjubæjarlaustri. Viðkomandi skilmálum verði bætt í greinargerð aðalskipulags Skaftárhrepps:

- Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II íbúðargisting, samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar verði óheimil innan þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri
- Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabygð.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar en að heimagisting verði einungis heimiluð að undangenginni grenndarkynningu.

10. Framkvæmdaleyfi – Botnar

Ábúendur og eigendur í Botnum ásamt rekstaraðilum Lindarfisks sækja um framkvæmdaleyfi til að halda óbreyttri stýringu á vatni í Brest við Árkvísar. Það er 3 rör opin yfir vetrartímann og 2 yfir sumartímann. Lögð er fram beiðni þess efnis vegna vatnsskorts í Botnum eftir Skaftárhlaup 2015 þar sem ekkert vatn rennur um viðkomandi rör eins og er.

Leyfi fyrir vatnaveitingum er veitt að hálfu Orkustofnunnar. Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis að hálfu sveitarfélagsins.

Lagt fram til atkvæðagreiðslu: Samþykkt með 3 atkvæðum. Jóhannes og Bjarki sitja hjá við afgreiðslu nefndarinnar.

Að höfðu samráði við lögfræðing sveitarfélagsins samþykkir sveitarstjórn að veita framkvæmdaleyfi fyrir sitt leyti með fyrirvara um leyfi Orkustofnunar til vatnaveitinga.

Fundargerð í heild samþykkt.

Fundargerðir til kynningar.

1. 1604031 33. fundur félagsmálanefndar RogVS. 25.04.2016. *fundargerð kynnt.*
2. 1604047 19. fundur Félags- og skólaþjónustu RogVS. 26.04.2016. *fundargerð kynnt.*
3. 1603026 171. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands.20.04.2016. *fundargerð kynnt.*
4. 1603021 18. fundargerð stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi. 19.04.2016. *fundargerð kynnt.*
5. 1604035 26. Fundargerð stjórnar Kötlu jarðvangs. 15.04.2016. *fundargerð kynnt.*
6. 1604026 838. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga. 29.04.2016. *fundargerð kynnt.*
7. 1604030 508. Fundargerð stjórnar SASS. 06.05.2016. *fundargerð kynnt.*
8. 1605010 Fundargerð vísindamannaráðs almannavarna. 09.05.2016. *fundargerð kynnt.*



Annað kynningarefni.

1. 1605018 Afrit af erindi Veiðimálastofnunar til UAR. 09.05.2016. *kynnt.*
2. 1605019 Heimavistarúrræði FSU ósk um fund MogM. 09.05.2016. *kynnt.*
3. 1604046 Erindi frá Sigurði Sigursveinssyni um sameiningu sveitarfélaga. 16.04.2016. *kynnt.*
4. Afrit af erindi Jóhannesar Gissurarsonar og Sverris Gíslasonar til Innaríkisráðuneytisins varðandi oddvita og varaoddvitakjörs. 14.04.2016. *kynnt.*

Næsti fundur áætlaður 16. júní 2016
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl. 17:50

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Sverrir Gíslason

Bjarki Guðnason

Jóna Björk Jónsdóttir